




Hafnarfirði 02.feb. 2022

Eftirfarandi eru svör við athugasemdum sem gerðar voru við grenndarkynningu vegna Hádegisskarðs 26 í Hafnarfirði. Spurt er í athugasemdum hvort breyting á stefnu þaks geti haft áhrif á veðurfar í nágrenni hússins.

Í vindagreiningu sem var gerð fyrir deiliskipulag svæðisins er tilgreint að ríkjandi vindáttir í hverfinu séu norð-vestan átt á sumrin, og suð-austan átt sem er ríkjandi á veturna. Mælt er með því að til að brjóta upp norð-vestan áttina séu þök húsa í stefnu norður-suður til að fleyta vindi yfir byggðina, og til að verjast suð-austan átt þá skarist húsin til að vindurinn hafi ekki óhindraðar leiðir milli húsa og geti þannig magnast upp.

Vindur skoðaður út frá norðvestan átt sem er ríkjandi á sumrin. Áhrif hæða bygginga, lega þeirra og form á vind.


Vindrannsókn út frá suðaustan átt sem er ríkjandi á veturnar.




Í flestum tilfellum hefur þessari reglu verið fylgt, en þó eru nokkrar undantekningar, eins og t.d. í húsum sem bærinn lét reisa í sömu götu (Hádegisskarð 12 og 16) þar sem stefna þaka er ýmist í norður-suður eða austur-vestur. Ef til er greining á því hvernig sú hönnun hefur áhrif á veðurfar í nágrenninu, mætti styðjast við hana í okkar tilfalli. Einnig eru fjölbýlishús í hverfinu oft með þakstefnu í tvær áttir. Þakstefna fylgir líka oftast legu götu, og er því breytileg í sveigðum götum. Íbúar hverfisins hafa líka talað um að reyndin með ríkjandi eða erfiðar vindáttir hafi verið önnur en vindgreining gerir ráð fyrir, en ekki er þó hægt að styðja það með mælingum.




Hádegisskarð 26 stendur innst í botnlanga, og eru áhrif þess á veðurfar hverfandi. Ekkert hús er fyrir vestan lóðina, og sunnan við hana eru sameiginleg bílastæði fyrir götuna. Þessi stefna á þakinu ætti því ekki að hafa áhrif á norð-vestan átt, og þar sem húsin skarast enn, ætti breytingin ekki heldur að hafa áhrif á suð-austan átt. Í vindagreiningu er talað um að við hönnun útirýma, klæðningu á hornum húsa og gróðri verði hægt að draga úr vindi. Það varður að sjálfsgöðu gert á þessari lóð.



Efri mynd sýnir Drangsskarð 17 og Hádegisskarð 26 frá vestri, en sú neðri frá suðri. Rauðar punktalínur sína byggingarreit skv. deiliskipulagi





FYRIR BREYTINGU - Í GILDI FRÁ 24.08. 2017

MKV 1:500



EFTIR BREYTINGU

MKV 1:500

Mynd tekin af deiliskipulagsupphætti fyrir Hádegisskarð 26, en þar sést að þakstefna í skipulaginu er í raun norðaustur-suðvestur en ekki norður-suður. Hún fer því í það að vera suðaustur-norðvestur.

Ástæða þessarar óskar um breytingu á þakstefnu er sú að skipulag lóðarinnar er þannig að nýtilegur garður (ekki bílastæði) er vestan megin við húsið. Það er líka helsta útsýnisátt frá lóðinni. Eðlilegt er því að stofur séu í vestur-enda hússins, og að þessi stærri rými njóti meiri lofthæðar en svefnherbergi sem eru sunnan og austan megin í húsinu.

Þar sem húsið stendur við enda götunnar, en er ekki í miðri húsaröð, skiptir þakstefna minna máli varðandi götumyndina. Ekki er hægt að sjá að breyting á þakstefnu hafi áhrif á veðurfar, en þessi þakstefna hentar lóðinni mun betur m.t.t nýtingar. Þar sem þakstefnu annara húsa við þessa sömu götu (12 og 16) hefur líka verið breytt frá því sem lagt er upp með í deiliskipulaginu er ekki óeðlilegt að tekið sé jákvætt í þessa breytingu.

Virðingarfyllt,

Kári Eiríksson, arkitekt.